

## KJARASAMNINGUR

milli

Flugleiðahótel ehf. vegna sumarhótela sinna annars vegar og Starfsgreinasambands Íslands (f.h. Afli starfsgreinafélags, Bárunnar stéttarfélags, Einingar - Iðju, Framsýnar stéttarfélags, Stéttarfélagsins Samstöðu, Stéttarfélags Vesturlands, Verkalýðsfélags Grindavíkur, Verkalýðsfélags Snæfellinga, Verkalýðsfélags Suðurlands, Verkalýðsfélags Vestfirðinga og Verkalýðsfélags Þórshafnar) hins vegar um kaup og kjör starfsfólks á Edduhótelum, sem vinna eftir hlutaskiptakerfi.

### 1. gr.

Samningur tekur mið af breytingum sem gerðar voru á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem undirritaðir voru 29. maí 2015.

Verði gerðar breytingar á gildandi kjarasamningum milli SGS og SA á samningstímanum, skulu sömu breytingar ná til samnings þessa.

### 2. gr.

*Laun:*

Laun verða sem hér segir:

1.maí 2015 - 1. maí 2016			1.maí 2017 - 1. maí 2018		
	Launafll. 5	Launafll. 6		Launafll. 5	Launafll. 6
Byrjunarlaun	234.500	236.211	Byrjunarlaun	260.728	262.515
Eftir 1 ár	236.211	237.948	Eftir 1 ár	262.515	264.331
Eftir 3 ár	237.948	239.711	Eftir 3 ár	264.331	266.173
Eftir 5 ár	239.711	241.500	Eftir 5 ár	266.173	268.043

  

1.maí 2016 - 1. maí 2017			1.maí 2018 - 31. desember 2018		
	Launafll. 5	Launafll. 6		Launafll. 5	Launafll. 6
Byrjunarlaun	249.500	251.211	Byrjunarlaun	268.550	270.390
Eftir 1 ár	251.211	252.948	Eftir 1 ár	270.390	272.261
Eftir 3 ár	252.948	254.711	Eftir 3 ár	272.261	274.158
Eftir 5 ár	254.711	256.500	Eftir 5 ár	274.158	276.084

Byrjunarlaun miðast við launaflokk 5 og að viðkomandi hafi náð 20 ára aldri.

Laun 18 og 19 ára eru 95% af byrjunarlaunum 20 ára. 18 og 19 ára einstaklingar sem starfað hafa a.m.k. 6 mánuði (að lágmarki 700 vinnustundir) í starfsgrein eftir að 16 ára aldri er náð, eiga rétt á byrjunarlaunum 20 ára. Við 20 ára aldur er starfsreynsla metin að fullu við röðun í starfsaldursþrep (1800 stundir teljast ársstarf).

Starfsmaður skal leggja fram staðfestingu á starfsreynslu í starfsgrein og er starfsaldur metinn.

Laun 17 ára eru 89% af byrjunarlaunum 20 ára, laun 16 ára 84%, laun 15 ára 71% og laun 14 ára 62% af sama stofni. Aldursþrep starfsmanna undir 18 ára aldri miðast við fæðingarár.

Eftir tvö starfstímabil eða sambærilega starfsreynslu eftir 18 ára aldur hækki starfsmaður um launaflokk, þ.e. fer úr launaflokki 5 í launaflokk 6.

### 3. gr.

*Lágmarkstekjur:*

Lágmarkstekjur reiknast fyrir hvern mánuð. Við útreikning lágmarkstekna skal reikna fyrstu 172 vinnustundir dagvinnu að viðbættu 25% álagi. Það sem umfram kann að vera greiðist á yfirvinnutaxta.

Þegar laun eftir hlutaskiptakerfinu eru hærri en lágmarkslaun skal greiða starfsfólki eftir því eins og segir í samningi þessum (þ.e. allir hlutir skulu vera jafnir fyrir 18 ára og eldri).  
Launaauki 17 ára skal vera 80% af launahlut 20 ára, en 16 ára 50%. Launaauki greiðist ekki fyrir yngri starfsmenn.

#### 4. gr.

##### *Ráðning:*

Við ráðningu starfsfólks, skuldbinda Flugleiðahótel ehf. sig til að hlíta forgagnsréttarákvæðum, sem gilda í almennum kjarasamningi viðkomandi stéttarféлага og viðsemjenda þeirra.  
Vegna ráðningar starfsfólk skal viðkomandi stéttarfélag hafa samband við rekstraraðila (hótelstjóra) hótels á viðkomandi félagssvæði með hæfilegum fyrirvara, þó ekki síðar en 10. mars, sjái félagið þörf á því. Stefnt skal að því að ráðningum starfsfólks sé lokið 15. apríl ár hvert.

Við ráðningu skal skýra greinilega frá því við hvern og einn starfsmann í hverju störfín eru fólgin, sem vinna þarf á hverjum tíma, enda þótt miðað sé við almenna verkaskiptingu í meginatriðum. Í upphafi starfstímabils skal hótelstjóri í samráði við viðkomandi stéttarfélag halda fund með starfsfólki um starfstilhögun sumarsins.

#### 5. gr.

##### *Fyrirkomulag vinnu:*

Á fundi skal valinn fulltrúi starfsfólks sem hefur aðgang að uppgjöri eftir hvert útreikningstímabil, svo og öllum upplýsingum varðandi útreikninga á launauppgjöri. Jafnframt skal ræða fyrirkomulag næturvakta. Næturvakt skal aldrei greidd með færri en 4 næturvinnutímum. Sé talið nauðsynlegt að vinna lengur en sem nemur 4 tímum skal það greitt eins og unnið er hverju sinni.

Sé að mati starfsfólks um of mikið vinnuálag að ræða, skal hafa samráð við viðkomandi stéttarfélag og atvinnurekenda um endurskoðun fjölda starfsfólks í störfín á vinnustaðnum. Starfsfólk skal skrá sínar vinnustundir daglega á þar til gerða skrá sem höfð er t.d. í eldhúsi.

Í upphafi hvernar vinnuviku reynir hótelstjóri og starfsfólk hans að áætla vinnustundapörf eftir fyrirliggjandi verkefnum svo starfsfólk hafi fyrirvara á um hverjir fari í frí, hvenær og hve marga daga. Ef frekast er unnt, skulu ekki vera fleiri en sex vinnudagar milli fría.

Auk daglegrar stjórnunar hótelstjóra reynir allt starfsfólkið að ástunda vinnuhagræðingu og samstillingu við dagleg störf, enda er það leiðin til að koma hverri vinnustund í sem hæst verð á hverjum tíma.

#### 6. gr.

##### *Launaauki:*

Af seldum veitingum nettó (heildartekjur án virðisaukaskatts) er 28,57% ætlað til hlutaskipta (launa), en af seldri gistingu nettó 30,00 – 36,32%. Af gistingu eru reiknuð 36,32% til hlutaskipta (launa), þar sem herbergi eru án baðs, en 34,48% af seldri gistingu á herbergjum með baði. Af gistingu í herbergjum á Eddu Key hótelum er reiknað 30,00% .

Af vínsölu komi 26,10% til hlutaskipta. Ekki er reiknað til hlutaskipta sala á frímerkjum og síma.

Launaauki á hverja vinnustund skal þó aldrei verða hærri en sem nemur 50% af tímakaupi í dagvinnu samkvæmt launaflokki 5, eftir 5 ár.

Stefnt er að því að fjöldi vinnustunda starfsfólks sé sem jafnastur á útreikningstímabilinu. Launaauki greiðist tvisvar á sumri, þ.e. fyrir júní og júlí, sem gert er upp sem eitt tímabil frá 5.-15. ágúst og fyrir ágúst frá 5.-15. september.

Þar sem orlof er ekki innifalið í hlutaskiptakerfinu til launa, reiknast það til viðbótar af launum viðkomandi starfsmanns m.v. orlofsrétt hans. Orlof skal greitt inn á reikning í banka eða sparisjóði.

Hótelstjóri og matsveinn hafa tvo hluti hvor, en annað starfsfólk sem deilir með sér vöktun, einn hlut. Hóтелиð leggur starfsfólki til frítt fæði, húsnæði og vinnufatnað. Flugleiðahótel ehf. taka að sér að koma starfsfólki á vinnustað sé um lengri leið að ræða en 100 km. aðra leið í upphafi starfstímabils og frá vinnustað við lok starfstímabils.

7. gr.

Að öðru leyti hefur starfsfólk þau önnur réttindi til kjara sem gilda í samningi milli SA/SAF og SGS vegna aðildarfélaga sinna frá 29. maí 2015.

*Um sjúkra- og orlofssjóð, félagsgjald og lífeyrissjóði:*  
Skal farið eftir aðalkjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Flugleiðahótel ehf. sjá um að halda eftir af launum starfsfólks greiðslu félagsgjalda til viðkomandi stéttarféлага.

8. gr.

*Desember- og orlofsuppbót:*

Orlofs – og desemberuppbætur skal greiða til viðbótar tímakaupi á unnar stundir í dagvinnu:

	Desemberuppbót á dagvinnustund	Orlofsuppbót á dagvinnustund
2015	43,33	23,33
2016	45,56	24,72
2017	47,78	25,83
2018	49,45	26,66

Ofangreindar greiðslur eru innifaldar í launaauka, nái launaauki kr. 66,66 á unna dagvinnustund árið 2015, kr. 70,27 á unna dagvinnustund árið 2016, kr. 73,61 á unna dagvinnustund árið 2017 og kr. 76,11 á unna dagvinnustund árið 2018 og er þá ekki þörf á að sundurgreina það á launaseðli.

9. gr.

Kjarasamningurinn gildir til 31. desember 2018 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki aðildarfélaga SGS (utan Flóabandalagsins) og stjórnar Flugleiðahótela ehf. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 26. júní 2015 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 15. júní 2015

F.h. Starfsgreinasambands Íslands  
Með fyrirvara um samþykki

F.h. Flugleiðahótela ehf.

## Bókun I

Verði frávík á einstaka hóteli frá hlutaskiptareglunni sem samningur þessi kveður á um skulu samningsaðilar í samráði við Starfsgreinasamband Íslands gera sérstakt samkomulag vegna slíkra frávika.

## Bókun II

Undirbúningur vegna opunar og lokunar Edduhótela

- Eldhús: Yfirfara þrifnað, taka leirtau og eldhúsáhöld úr geymslum og þvo, koma öllu fyrir á sinn stað. Ganga frá matvælum á sinn stað.
- Matsalur: Yfirfara þrifnað og setja inn hótélbúnað. Dúka borð og setja upp gardínur.
- Herbergi: Yfirfara þrifnað. Sækja í geymslur rúmfatnað og annan búnað sem notaður er til hótélrekstrar, svo sem glös, herðatré, öskubakka, ruslafötur, bréfsefni og útbúa upplýsingar til gesta. Yfirfara aðstöðu sem notuð er sem svefnpokapláss, koma fyrir dýnum og þess háttar. Yfirfara snyrtingar og ganga.
- Gestamóttaka: Koma fyrir aðstöðu sem notuð er sem gestamóttaka, setja inn pappírsvörur og þær vörur sem seldar og notaðar eru í gestamóttöku.
- Sundlaug: Yfirfara skal þrif á sundlaug og búningsherbergjum og koma fyrir merkingum.
- Ýmislegt: Yfirfara skal umhverfi svo það sé snyrtilegt. Þrifa skal glugga og setja upp hótélgardínur og víða eru gólf bónuð til að léttu þrif yfir sumarið. Koma þarf fyrir merkingum vegna hótelsins bæði utandyra og innan.

Sömu atriði og áður eru talin gilda um frágang við lokun. (þ.e. gengið er frá húsnæði og búnaði eins og var við upphaf undirbúnings).

Falli til vinna utan þessarar verklýsingar sem ekki telst til eðlilegs undirbúnings og frágangs hótelsins, skal hún greidd sérstaklega.

## Bókun III

Samningur þessi nær eingöngu til atriða er varða kaup og kjör ófaglærðs starfsfólks Edduhótelanna, þegar frá eru taldir hlutir hótélstjóra og matsveina í hlutaskiptakerfinu.